

055/00 - M.b. Lilja ÁR-10

Lilja ÁR-10, sekkur í róðri er leki kemur að bátnum

M.b. Lilja ÁR-10

Skipaskr.nr.: 7182

Smíðaður: á Akureyri 1988 úr furu og eik

Stærð: 2,91 brl; 3,59 bt

Lengd: 7,06 m **Breidd:** 2,38 m **Dýpt:** 1,00 m

Vél: Mitsubishi 21,00 kW **Árgerð:** 1988

Annað:

Földi skipverja: 1

Atvikalýsing

Hinn 16. maí 2000 um kl 15:00 fór m.b. Lilja ÁR-10 til veiða með handfæri frá Arnarstapa. Veður: norðaustan 8-10 m/sek, hvítnar í báru en sjólaust.

Haldið var á miðin suður af Hellnanesi og verið við veiðar þar og vestur með landinu. Var báturinn kominn á stað 2 sml suður af Dagverðará. Vind lægði er leið á daginn og var orðið ágætt veður undir kvöld.

Eftir að hafa verið að veiðum um nokkurn tíma settist skipstjóri niður í stól í stýrishúsi og hlustaði á fréttir í útvarpi og slakaði á. Í bátnum voru þrjú kör undir fisk og var búið að fylla tvö þeirra. Á meðan hann sat í stólum varð hann var við að tóma karið var komið á flot aftur í bátnum. Þegar betur var að gáð kom í ljós að sjór var í bátnum. Skipstjóri gangsetti austurdælu en önnur austurdæla átti að vera sjálfvirk og ljóst var að sú dæla hafði ekki undan.

Eftir að dælur höfðu dælt um stund varð skipstjóri var við að þær stöðvuðust báðar með stuttu millibili. Tók hann þá til við að ausa með fötu úr bátnum en sá fljótlega að hann hafði ekki undan lekanum. Þegar honum varð ljóst að sjór hækkaði í bátnum klæddist hann flotgalla og sjósetti gúmmíbjörgunarbát. Erfiðlega gekk að fá bátinn til að blása upp og sagði skipstjóri að hann hefði þurft að toga 10-15 sinnum í fangalínuna til þess að báturinn blési upp.

Þegar báturinn var uppblásinn hringdi hann úr NMT-síma í kunningja sinn sem hafði verið að veiðum á svipuðum slóðum en var kominn til hafnar á Arnarstapa. Óskaði hann eftir að þessi kunningi hans kæmi og næði í sig þar sem hann taldi bátinn vera að sökkva. Skipstjóri fór síðan í gúmmíbátinn og lenti í sjónum við það. Sökk m.b. Lilja ÁR-10 um það leyti svo að aðeins stefnið stóð upp úr. Skipbrotsmanni var bjargað um borð í m.b. Ríkey SH-405 skömmu síðar.

Við rannsókn kom fram

- að bátur og búnaður var skoðaður í apríl 2000 og þá allt talið í góðu lagi;
- að tilkynnt var um atvikið til tilkynningarskyldu og lögreglu eftir að skipbrotsmanni hafði verið bjargað um borð í m.b. Ríkey SH-405 og verið var að sigla til hafnar eftir að tekið hafði verið það sem flaut upp frá bátnum.

Nefndarálit

Atburðarás er um margt óljós og hafa ekki komið fram fullnægjandi skýringar á ýmsum mikilvægum atriðum málsins. Nefndin ályktar því ekki í þessu máli.